

**Sp.**

**346. Nefndarálit**

[66. mál]

um till. til þál. um kerfisbundna röðun jarða til hagnýtingar við samræmda tölvuvinnslu og upplýsingamiðlun.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og fengið til fundar Jónas Jónsson búnaðarmálastjóra og Jón Viðar Jónmundsson ráðunaut.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldum

**BREYTINGUM:**

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvernig betur mætti haga tölvuvæddri upplýsingaöflun og nýtingu upplýsinga varðandi bújarðir, bústofn og framleiðslu landbúnaðarins. Nefndin skal skipuð þremur mönnum: einum tilnefndum af Hagstofu Íslands, einum tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands og Framleiðsluráði og einum tilnefndum af Fasteignamati ríkisins.

2. Fyrirsógn orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um könnun á tölvuvinnslu og upplýsingamiðlun varðandi landbúnaðinn.

Alþingi, 15. febr. 1983.

Jóhanna Sigurðardóttir,  
form.  
Halldór Blöndal.

Birgir Ísl. Gunnarsson,  
fundarskr.  
Guðm. G. Þórarinnsson.  
Guðrún Helgadóttir.

Páll Pétursson,  
frsm.  
Steinþór Gestsson.